

Miðvikudaginn 6. marz 1946.

Nr. 66/1945. **Bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs**
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Dánarbúi Ingvars Guðjónssonar
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Útsvarsmál. Lögtaks synjað í skuldafrágöngubúi.

Dómur hæstaréttar.

Einar Ingimundarson lögfræðingur hefur sem setufógeti kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. maí 1945, krefst þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak, en til vara, að dæmt sé gilt, að Ingvar heitinn Guðjónsson hafi verið útsvarsskyldur á Siglufirði 1942 og að skiptaforstjórum í búi hans verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 21000.00 með dráttarvöxtum frá gjalddaga. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Útvar það, sem lagt var á Ingvar Guðjónsson á Siglufirði 1942, var alls að fjárhæð kr. 21000.00 og er í máli þessu krafizt lögtaks fyrir því ásamt dráttarvöxtum.

Eftir því sem upp hefur komið í máli þessu, rak Ingvar Guðjónsson umfangsmikinn atvinnurekstur á Siglufirði á þeim tíma, er hér skiptir máli. Af gögnum málsins virðist mega ráða, að Ingvar hafi haft á leigu hæð í húsi á Siglufirði allt árið 1941 vegna starfsemi sinnar þar, haft þar skrifstofu opna mestan hluta þess árs og stjórnað atvinnurekstrinum þaðan að mestu leyti. Virðist hann því hafa haft þar heimilisfasta atvinnustofnun, sbr. 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936.

Í máli þessu er krafizt lögtaks í fjármunum dánarbús Ingvars Guðjónssonar, sem tekið hefur verið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubúi.

Samkvæmt lögjöfnum frá 34. gr. laga nr. 3/1878 verður ekki framkvæmt lögtak í skuldafrágöngubúi, og verður því að synja um framkvæmd lögtaksins.

Þá eru og ekki efni til í lögtaksmáli sem þessu að dæma varakröfu áfrýjanda á hendur skiptaforstjórum dánarbúsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Lögtaksgerð sú, sem krafizt er í máli þessu, á ekki fram að ganga.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar 16. maí 1945.

Í máli þessu, sem var tekið upp af nýju 19. des. 1944 í samræmi við dóm hæstaréttar, upp kveðinn 11. des. 1944, og tekið var til úrskurðar 1. maí s. l., hafa umboðsmenn gerðarbeiðanda krafizt þess, að fram fari lögtak í dánarbúi Ingvars Guðjónssonar útgerðarmanns, síðast búsetts að Kaupangi í Eyjafirði, til fullnustu á útsvari, er á hann var lagt við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1942, sem að meðtöldu viðbótarútsvari og dráttarvöxtum til 31. des. 1942 nemur kr. 21672.00. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda og krafizt lögtaks til fullnustu dráttarvaxta frá 1. janúar 1943 til greiðsludags auk kostnaðar við gerðina.

Umboðsmenn gerðarþola hafa hins vegar andmælt framgangi gerðarinnar, og hafa því umboðsmenn aðilja lagt ágreiningsefnið undir úrskurð fúgetaréttarins.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru sem hér greinir:

Við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1942 gerði niðurjöfnunarnefndin á staðnum Ingvari Guðjónssyni, til heimilis að Kaupangi í Eyjafirði, að greiða kr. 30000.00 í útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar, þar eð hún taldi rekstur þann, er Ingvar hafði með höndum á Siglufirði, aðallega söltun sildar, útsvarsskyldan þar. Ingvar Guðjónsson neitaði að greiða útsvar þetta. Vorið 1942 lækkaði bæjarstjórn Siglufjarðar umrætt útsvar niður í kr. 15000.00. Ingvar neitaði enn að greiða og taldi útsvarið lagt á sig að ólögum á Siglufirði, þar eð hann greiddi útsvar af öllum rekstri sínum til Öngulstaðahrepps í Eyjafirði, þar sem hann var heimilisfastur.

Kærði Ingvar yfir útsvari þessu til niðurjöfnunarnefndar Siglufjarðar 22. júní 1942 og til yfirskattanefndar Siglufjarðar 5. ágúst 1942 og krafðist þess í báðum þessum kærum, að umrætt útsvar yrði niður fellt. Báðar þessar nefndir komust að þeirri niðurstöðu, að Ingvari bæri að greiða útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar, og úrskurðuðu, að útsvarið skyldi óbreytt standa.

Þann 14. nóv. 1942 kærði Ingvar Guðjónsson margnefnt útsvar til ríkisskattanefndar, en sú kæra mun hafa horizt nefndinni of seint.

Snemma á árinu 1943 beiddist bæjarsjóður Siglufjarðar lögtaks hjá Ingvari Guðjónssyni til fullnustu áðurnefnds útsvars auk dráttarvaxta og kostnaðar, og féll úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 13. marz 1943 á þá lund, að lögtak til greiðslu áðurnefndra upphæða skyldi ná fram að ganga. Lögtaksþoli skaut úrskurði þessum til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 5. maí 1943. Hæstiréttur ómerkti úrskurð fógetaréttar Siglufjarðar með dómi, uppkveðnum 11. des. 1944, og visaði málinu heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Ingvar Guðjónsson andaðist 8. des. 1943. Var bú hans tekið til skipta af skiptaráðanda Eyjafjarðarsýslu, og gaf hann út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna hins látna 10. jan. 1944, og var sú innköllun síðan birt í Lögbirtingablaði, sem lög mæla fyrir.

Þeir bræður, Gunnlaugur, Friðrik og Frimann Guðjónssynir voru 19. febr. 1944 skipaðir skiptaforstjórar dánarbúsins, og tilkynntu þeir (þó ekki nema Gunnlaugur og Friðrik) sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu lok skipta 15. nóv. 1944 til birtingar í Lögbirtingablaði, sbr. réttarskj. nr. 8. Töldu þeir í tilkynningu þessari, að skiptum hefði lokið 4. nóv. 1944.

Þejarsjóður Siglufjarðar lýsti ekki útsvarskröfu sinni á hendur dánarbúinu, enda hafa umboðsmenn gerðarbeiðanda haldið því fram við rekstur þessa máls, að slíkt hafi verið öldungis óþarft, þar eð nefnd krafa hafi verið í máli fyrir hæstarétti allan þann tíma, er skipti dánarbúsins stóðu yfir.

Umboðsmenn gerðarbeiðanda hafa við rekstur þessa máls rökstutt kröfur sínar um framgang gerðarinnar með því, að Ingvar Guðjónsson hafi haft opna skrifstofu á Siglufirði allt það tímabil, er máli skiptir um útsvarsskylduna, sem hér hefur verið deilt um, hann hafi átt verðmiklar fasteignir á Siglufirði, hann hafi haft fastráðið starfsfólk í þjónustu sinni umrætt tímabil, hann hafi haft með höndum umfangsmikinn atvinnurekstur á þessum tíma, hann hafi á bréfháusum sínum talið starfrækslu sína heimilisfasta á Siglufirði, að yfirskattanefnd Siglufjarðarkaupstaðar hafi á sínum tíma komizt að þeirri niðurstöðu, að Ingvari bæri að greiða þar útsvar, og loks, að Ingvar hafi greitt útsvar til bæjarsjóðs Siglufjarðar samfleytt frá árinu 1935 til umrædds árs. Er í þessu sam-

bandi vísað til ýmissa vottorða og annarra upplýsinga varðandi þetta efni í réttarskj. nr. 3, bls. 1, 21, 23, 20, 22, 13, 8—10 og 20—21.

Kröfu sína um synjun á framgangi gerðarinnar hafa umboðsmenn gerðarþola rökstutt fyrst og fremst með því, að skiptum á dánarbúi Ingvars Guðjónssonar sé lokið og lögtak verði því ekki framkvæmt hjá aðilja, sem ekki er framar til. Hafa þeir krafizt úrskurðar um þetta atriði sérstaklega.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í réttarhaldi látið bóka mótmæli gegn staðhæfingu umboðsmanna gerðarþola um aðildarskort dánarbúsins og talið, að með því að mæta í réttarhöldum í máli þessu og halda uppi vörnum fyrir dánarbúið hafi einn skiptaforstjóranna viðurkennt aðild dánarbúsins, þótt skiptum í því væri talið lokið.

Nú er það svo, að þótt einn skiptaforstjóri dánarbús Ingvars Guðjónssonar hafi mætt í réttarhöldum við rekstur þessa máls og vörnum yfirleitt verið uppi haldið fyrir þess hönd, hefur því jafnan verið mótmælt, að dánarbúið gæti verið réttur aðili þessa máls, eftir að skiptum er lokið og skiptalok auglýst, sem lög mæla fyrir. Vegna þessara mótmæla verður því ekki fallizt á það, að aðild dánarbúsins hafi verið viðurkennd með móti skiptaforstjórans í réttarhöldum við rekstur málsins. Rétturinn getur heldur ekki fallizt á þá staðhæfingu umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem fram kemur á réttarskj. nr. 9, bls. 1—2, að mál þetta fjalli aðeins um útsvarsskyldu Ingvars Guðjónssonar án tillits til aðildarþrests dánarbús hans, þar eð aðildarskorturinn hlýtur fyrst að koma til úrlausnar, enda úrskurðar krafizt um hann sérstaklega.

Með skírskotun til tilkynningar um skiptalok, sbr. réttarskj. nr. 8, og ómótmæltrar staðhæfingar umboðsmanna gerðarþola um það, að skiptalok hafi verið auglýst, sem lög mæla fyrir um, verður því að líta svo á, að dánarbú Ingvars Guðjónssonar sé ekki framar réttur aðili til að beiðast lögtaks í sem slíku, og beri því þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang umbeðinnar gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur töl hefur orðið á rekstri máls þessa vegna flutnings þess frá Siglufirði til Reykjavíkur.

Þvi úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.